

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjálparsjóð Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar skv. lögum nr. 19/1988 og er nafn hans Hjálpar-sjóður Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni. Sjálfeignarstofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er að Bugðusíðu 1, Akureyri.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að styrkja félagsfólk Sjálfsbjargar, félag fatlaðra á Akureyri og nágrenni, samkvæmt úthlutunarreglum sem stjórn sjóðsins setur. Meðal annars með því að styrkja félagsfólk til náms í fötlunarfræðum, sem og að styrkja það til aðstöðusköpunar vegna vinnu, náms, eða tómsunda. Einnig að styrkja og efla félagsfólk með öðrum hætti en að framan greinir og stjórn sjóðsins kemur sér saman um. Með félagsfólki er átt við þann sem er fullgildur aðalfélagi í félagi Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni, samkvæmt lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnandi sjóðsins er Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni, kt. 570269-2599 með kr. 1.300.000.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.300.000 sem er framlag stofnenda félagsins.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra stofnanda hans.

6. gr.

Stjórn.

Stjórnin skal kosin til eins árs í senn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Kjör stjórnar fer fram á aðalfundi Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni.

Stjórnin skal skipuð þremur mönnum, og jafn mörgum til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmetir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykkt, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki meirihluta stjórnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 25. maí 2009.

Ríkarður Másson.

_____ *Helgi Már Ólafsson.*